

# ÞINGEYJAR SVEIT

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



**SEPTEMBER 2024**

*Horft niður í Fnjóskadal í lok gangna á Flateyjardal. Mynd: Ósk Helgadóttir*

## AF NÓGU ER AÐ TAKA

Nú eru skrifstofur sveitarfélagsins fluttar í nýtt stjórnarsýsluhús á Laugum. Gengu flutningarnir vel og ber að þakka starfsfólki sveitafélagsins fyrir þá miklu vinnu sem þau hafa lagt á sig við flutningana og frágang í nýja húsinu. Í nóvember verður opið hús þar sem íbúum og gestum verður boðið að skoða nýja stjórnarsýsluhúsið. Á sama tíma verður nýtt nafn á húsinu kynnt en rúmlega 60 tillögur bárust um nafn á húsið. Verður opna húsið auglýst í næsta fréttabréfi. Í síðustu viku urðu miklar truflanir í flutningskerfi Landsnets sem ollu miklu tjóni, aðallega í Mývatnssveit. Sveitarfélagið hefur verið í samstarfi við Rarik um að koma upplýsingum á framfæri við íbúa, til dæmis um það hvernig eigi að tilkynna tjón. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Byggðarráð bókaði á fundi sl. fimmtudag áhyggjur yfir að svona alvarlegur atburður geti átt sér stað og óskaði eftir skýringum frá Rarik um hvað fór úrskeiðis og hvernig verði brugðist við í framhaldinu til að svona atburðir endurtaki sig ekki. Nú í vikunni verður fundur með fulltrúum Rarik þar sem þessi atburður verður ræddur.

Fjárhagsáætlunavinnan heldur áfram og mun lita starf okkar næstu tvo mánuði. Fundað hefur verið með öllum forstöðumönnum þar sem farið var yfir rekstur ársins og tillögur þeirra fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Nú í vikunni sækja fulltrúar Þingeyjarsveitar fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna þar verður m.a. fjallað um stöðu og áskoranir í rekstri sveitarfélaga, efnahagslegar áskoranir og áskoranir við uppbyggingu og viðhald innviða. Einnig verður rætt um tækifæri til uppbyggingar og hvernig sveitarfélög geta nýtt sér tæknina til framfara. Allt eru þetta mikilvæg málefni sem eru daglega inni á borði hjá okkur.

Ferðin verður vel nýtt og munu fulltrúar m.a. sitja aðalfund Orkusveitarfélaga, aðalfund Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og ársfund Jöfnunarsjóðs. Þá munu fulltrúar sveitarfélagsins funda með heilbrigðisráðherra og félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra. Næstu dagar verða því líflægir eins og flestir dagar í starfi sveitarstjóra.

Haustið fer vel af stað og er það alltaf annasamt hjá bændum sem og á vettvangi sveitarstjórnar en það er líka gott að líta upp eftir annasama daga. Nú í vikuni verða haldnir tveir fyrirlestrar undir yfirskriftinni „Áföll og andleg heilsa – Þekki ég mín bjargráð og eru þau mér gagnleg?“

Hér í fréttabréfinu er hægt að lesa nánar um þessa viðburði sem styrktir eru af Lýðheilsusjóði.

# BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA



Valþór Brynjarsson byggingarstjóri, afhendir Ragnheiði Jónu formlega lykllana að nýju stjórnarsýsluhúsi

## Varðst þú fyrir tjóni í rafmagnsleysinu þann 2. október?

### Hér eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga áður en tjón er tilkynnt:

- Gefðu þér tíma. Ekki er nauðsynlegt að tilkynna tjón samdægurs. Betra er að gefa sér tíma og fullvissa sig um heildartjón sem truflanir ullu og senda eina heildartilkynningu.
- Kannaðu hvort öryggi í rafmagnstöflu séu slegin inn (allir rofar í sömu stöðu).
- Ef þú ert ekki viss um heildartjón vegna rafmagnsleysis eða -truflana er gott að fá fagaðila til að aðstoða við að meta tjónið.
- Sendu RARIK eina tilkynningu um tjónið með öllum upplýsingum. Ef þú hefur áður sent inn tilkynningu er gott að taka það fram svo við getum sameinað tilkynningarnar við afgreiðslu.

Smelltu [hér](#) til að tilkynna um tjón til Rarik.



## NÝTT STJÓRNSÝSLUHÚS TEKIÐ Í GAGNIÐ

Það var líf og fjör þegar skrifstofur sveitarfélagsins voru fluttar í nýja stjórnsýsluhúsið á Laugum á dögnum. Skrifstofan var lokuð í tvo daga á meðan starfsfólkið breytti upp ertar og gekk í verkið með bros á vör. Flutningarnir gengu eins og í sögu og nú er starfsemin komin á fullt í þessu nýja, glæsilega húsnæði. Andinn í húsinu er frábær og starfsfólkið ánægt með nýja fyrirmyndar aðstöðu.

Nú þegar hefur fyrsti sveitarstjórnarfundurinn verið haldinn í húsinu og ljóst að fundaraðstaða fyrir sveitarstjórn og nefndir hefur batnað til muna. Gerður Sigtryggisdóttir, oddviti, lét ekki sitt eftir liggja og kom með kræsingar í morgunkaffi í nýja húsinu, eins og hún hafði lofað. Nýbakað brauð, heitur réttur og kökur settu punktinn yfir i-ið þegar þessum nýja kafla skrifstofunnar var fagnað.

Fljótlega verður auglýst opið hús, þar sem íbúum gefst tækifæri til að koma í heimsókn, skoða húsið og njóta kaffiveitinga. Þá verður einnig opinberað nýtt nafn á húsinu – spennandi tímar fram undan í Þingeyjarsveit!



Fyrsti sveitarstjórnarfundur í nýrri aðstöðu



Gerður oddviti við veisluborðið



Við tilefnið var splæst í nýja mynd af sveitarstjórn

Kryddbrauð oddvitans sló rækilega í gegn í kaffiboðinu. Við leyfum uppskriftinni því að fylgja með og gefum brauðinu að sjálfsgöðu splunkunýtt nafn vel við hæfi.

## ODDVITABRAUÐ

- 3 dl hveiti
- 3 dl haframjöl
- 2 dl sykur
- 1 tsk kanill
- 1 tsk engifer
- 1 tsk negull
- 2 tsk matarsódi
- 3 dl mjólk
- 1 egg

Allt sett saman í skál og hrært vel saman. Sett í eitt smurt mót. Bakið við 200°C fyrstu 15 mín. Lækkið svo hitann í 175°C og bakið í 25 mín.



Bragðast best með miklu smjöri, helstu sérfræðingar ráðleggja smjör báðum megin.

## ÁFRAMHALDANDI REKSTUR KMT TRYGGÐUR


Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Landsvirkjun, Orkuveitan og Krafla Magma Testbed (KMT) hafa undirritað samkomulag sem tryggir fjármögnun KMT næstu tvö árin.

KMT er frumkvöðlaverkefni sem miðar að því að byggja upp alþjóðlega rannsóknarmiðstöð í eldfjalla- og orkurannsóknum í Kröflu sem verður einstök á heimsvísu. Verkefnið byggir á fyrstu djúpborunarholunni sem boruð var í Kröflu árið 2009 þar sem borað var óvænt í kviku á 2,1 km dýpi. Holan reyndist vera allt að tíu sinnum öflugri en meðal vinnsluholan í Kröflu og fljótlega var ljóst að mikil tækifæri fólust í þessari uppgötvun.

Tækifærin með verkefninu eru gríðarleg og ljóst að afleidd áhrif á samfélagið verða mikil. Þingeyjarsveit fagnar áfanganum.

## FYLGDUST MEÐ SEYRUNNI

Nýtt kerfi hefur verið tekið í notkun í kortasjá sveitarfélagsins. Þetta kerfi er kallað Seyran og sýnir rotþrær og losun á þeim. Nú geta húseigendur flett upp hvenær rotþróin var losuð. Í kortasjánni þarf að haka í veitur í hægra horni, þá birtast litlir punktar á kortinu. Grænmerktir punktar eru rotþrær losaðar þetta árið, vínrauðir eru árið á undan. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að auðvelda íbúum að fylgjast sjálfir með hvenær rotþróin var losuð síðast. Hér er því um aukna þjónustu að ræða sem á vonandi eftir að koma öllum til góða.



**Íþróttá-, tómsunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2024. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki.**

**Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 15. október. Nánari upplýsingar HÉR.**



**Íþróttá-, tómsunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2024. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki.**

**Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 31. október. Nánari upplýsingar HÉR.**



## GOSLOKAHÁTIÐ SLÓ Í GEGN

Fyrsta Goslokahátíð Kröflu var haldin í lok september en þá voru 40 ár liðin frá goslokum Kröfluelda! Það er óhætt að segja að hátíðin hafi slegið í gegn. Hátíðin hófst með karaokí á Gamla bænum og endaði á vísindastofu með eldgosapema í Gíg gestastofu. Allir viðburðir helgarinnar voru vel sóttir og um 300 manns heimsóttu Kröflu á laugardeginum þar sem var boðið upp á grill, leiki og heimsfrumsýningu á heimildamyndinni Krafla – umbrot og uppbygging. Mývetningarnir Stefanía Eir Vignisdóttir og Gasa Kenny framleiddu myndina fyrir Landsvirkjun í tilefni þessara tímamóta.

Til hamingju Landsvirkjun og allir sem stóðu að þessari glæsilegu hátíð! (Myndir fengnar af landsvirkjun.is)



Hátt í 300 mættu á tónleika í Jarðböðunum



Íþróttafélagið Mývetningur stjórnaði leikjum



Vel mætt í Kröflu



Heimsfrumsýning fyrir fullum sal



Sveitarstjórinn og fjármálastjórinn létu ekki sitt eftir liggja í Prosecco skemmtiskokki Vogafjóss.



Stórtónleikar í flugskýli Mýflug Air

## HÖRÐUR NÝR SLÖKKVILIÐSSTJÓRI

Í júlí sl. var starf slökkviliðsstjóra Brunavarna Þingeyjarsveitar auglýst til umsóknar með umsóknarfresti til og með 23. ágúst. Sjö umsóknir bárust um starfið, einn dró umsókn sína til baka. Ráðningaferlið var í umsjón Mögnum.

Á fundi sveitarstjórnar 1. október var samþykkt að ráða Hörð Sigurðsson í starf slökkviliðsstjóra við Brunavarnir Þingeyjarsveitar.

Hörður hefur viðamikla þekkingu á sviði brunamála, hefur lokið námi eldvarnaeftirlitsmanns og starfað sem slíkur. Hörður hefur lokið fjölmörgum námskeiðum fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og hefur víðtæka reynslu bæði sem slökkviliðsmaður og sem stjórnandi í atvinnuliði.

Sveitarstjórn býður Hörð velkominn til starfa fyrir Þingeyjarsveit.



Hörður Sigurðsson





# VERKEFNASTJÓRI Á SVIÐI UMHVERFIS- OG ATVINNUÞRÓUNAR

Leitað er að öflugum verkefnastjóra á sviði umhverfis- og atvinnuþróunar með starfsstöð í Gíg í Þingeyjarsveit. Verkefnið er samstarf SSNE og Þingeyjarsveitar.

Um fullt starf er að ræða og er ráðið tímabundið til tveggja ára, með möguleika á framlengingu.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Græn skref SSNE.
- Stuðningur við sveitarfélög á sviði loftslags- og úrgangsmála.
- Samantekt og miðlun sjálfbærniupplýsinga.
- Verkefni tengd fjölnýtingu jarðvarma.
- Verkefni tengd atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsveit.
- Önnur verkefni sem tengjast samfélags- og sjálfbærnimálum.

Nánari upplýsingar veitir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE, [albertina@ssne.is](mailto:albertina@ssne.is).

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla á sviði verkefnastjórnunar.
- Þekking á sviði umhverfis- og orkumála.
- Reynsla af atvinnu- og byggðapróunarverkefnum og/eða nýsköpun æskileg.
- Hæfni til að setja fram upplýsingar með aðgengilegum og fjölbreyttum hætti.
- Lausnamiðuð hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsóknarfrestur er til 27. október

Sækja um [HÉR](#)



## HÚSFYLLIR Á TÖÐUGJÖLDUM

Húsfyllir var á Töðugjöldum í Ýdölum og veislan ævintýri líkust!

Sindri Freyr Ingvarsson, sigurvegari Arctic Chef 2024 sá um að matreiða kræsingar kvöldsins og Elmar Freyr Arnaldsson sem hreppti annað sætið í Arctic Mixologist sá um vínþörun og kokteilergerð. Það skein í gegn hversu ótrúlega öflug matvælaframleiðsla fer fram í Þingeyjarsveit og gaman að sjá hvað var hægt að töfra fram úr hráefnum úr nærumhverfi okkar. Við þökkum Arctic Challenge kærlega fyrir að hafa komið með þennan flotta viðburð til okkar í Þingeyjarsveit og vonumst eftir frekara samstarfi í framtíðinni. Við leyfum nokkrum myndum frá Töðugjöldunum að fylgja með.



Elmar Freyr við kokteilergerðina



Sindri Freyr undirbýr forréttinn



Salurinn var hinn glæsilegasti



Taðreyktur silungur frá Geiteyarströnd  
Soðbrauð - hvönn - broddkúmen - sýrður rjómi



Ærfile frá Hriflu – grænkál frá Vallakoti –  
hamsatólgur frá Stóruvöllum



Kartöflur frá Vallakoti  
skessujurt – Feykir ostur – sinnepsfræi

## ÞINGMENN HEIMSÓTTU ÞINGEYJARSVEIT HEIM

Þingmenn norðaustur kjördæmis heimsóttu okkur í Kjördæmavíkunni í nýtt stjórnsýsluhús á Laugum. Ásamt þingmönnum var sveitarstjórnarfolk í Þingeyjarsveit, Norðurþingi og Langesbyggð á fundinum.

Miklar umræður sköpuðust á fundinum sem var hinn ánægjulegasti. Þar fékk sveitarstjórnarfolkið okkar tóm til að ræða þau mál sem mest mæðir á. Samgöngumál vógu skiljanlega mikið og var meðal annars rætt um Bárðardalsveg vestari, neyðarveg vestan Ljósavatns, brýr yfir Skjálfandaflijt og vetrarþjónustu. Helmingamoksturinn var líka ræddur enda reglurnar barn síns tíma og mismuna sveitarfélögum. Þingeyjarsveit er t.d. með um 60% af helmingamokstri á Norðurlandi eystra sem er gríðarlega kostnaðarsamt fyrir sveitarfélagið. Skattlagning orkuauðlinda og fjarskiptasamband báru líka á góma og ljóst að þau eru mörg málefni sem þingmenn okkar þurfa að leggja áherslu á.



Fjölmenntur og góður fundur

# ÁFÖLL OG ANDLEG HEILSA

## ÞEKKI ÉG MÍN BJARGRÁÐ OG ERU ÞAU MÉR GAGNLEG?

Heilsueflandi samfélag - Þingeyjarsveit býður íbúum sveitarfélagsins upp á fræðsluerindi um áföll og andlega heilsu. Bætt andleg heilsa eykur virkni fólks og vellíðan. Samfélagið allt hagnast á því að fólk kunni leiðir til að vinna úr áföllum og hlúa að andlegri heilsu sinni og annarra.

Erindi flytur Dána Ósk Óskarsdóttir, doktor í félagsráðgjöf og teymisstjóri stoðteymis starfsfólks Landsspítalans. Með þessu vill fjölskyldusvið Þingeyjarsveitar auka meðvitund um áföll og úrvinnslu þeirra og gefa íbúum fleiri bjargir til að hlúa að andlegri heilsu sinni.

Erindið verður flutt á tveimur stöðum í sveitarfélaginu:

- Skjólbrekku, miðvikud. 9. okt. kl. 19:30 - 21:00
- Ýdöllum, fimmtud. 10. okt. kl. 19:30 - 21:00

Fræðslan er opin öllum íbúum að kostnaðarlausu.



Þingeyjarsveit

*Viðburðurinn er styrktur af Lýðheilsusjóði.*





# HVER ER RAGNHEIÐUR JÓNA INGIMARSDÓTTIR?

Jóna er sveitarstjóri  
Þingeyjarsveitar



Hvaða lag myndirðu taka í karaoke?  
„Gæfist kostur á að syngja hina þekktu „druslu“ Tunngnamanna Kristján í Stekkholti yrði það fyrsta val, en þar sem Karaoke býður ólíklega uppá hann kæmi fortíðarþráin og minningar frá því að við vinkonurnar unnum keppni um stöðu „söngkonu“ í skólahljómsveit Þelamerkurskóla 1982 með flutningi á hinu sigilda lagi Traustur vinur næst á eftir“.

„Ég fæddist í Reykjavík, flutti þriggja ára á Hvanneyri í Borgarfirði og ólst þar upp. Ég er með BA próf í nútímafræði frá Háskólanum á Akureyri og meistaraþróf í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Seinna lagði ég svo stund á opinbera stjórnsýslu. Ég bjó 27 ár á Akureyri og var lengi menningarfulltrúi og verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs hjá Eyþing. Árið 2017 var ég ráðin af Alþingi sem framkvæmdastjóri 100 ára afmælishátíðar fullveldisins og síðan í framhaldinu 75 ára afmælis lýðveldisins. Frá 2019–2022 var ég sveitarstjóri í Húnaþingi vestra og hér í Þingeyjarsveit frá 2023 með búsetu á Laugum“ segir Jóna.

Hún á tvo uppkomna syni, fjögur barnabörn og fjarsambýlismann sem býr í Skagafirði.

„Áhugamálin snúa að menningu og listum en þó mest að hverskonar útivist. Ég reyni að ganga á fjöll á sumrin og fara á gönguskiði á veturna. Nýt þess að fara á tónleika, í leikhús og á listsýningar en einnig að eiga góða stund með vinum og kunningjum“. *Hvernig er típiskur vinnudagur hjá þér?*

„Flestir vinnudagar bjóða uppá mjög mismunandi dagskrá. Mikill tími fer í fundahöld af ýmsum toga, tölvupóstsamskipti, heimsóknir og yfirlit með starfsfólki yfir þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni. Oft vill því teygjast úr dögnum.

Mér hefur verið ákaflega vel tekið í Þingeyjarsveit, hér er fjölbreytt og skemmtilegt mannlíf sem gaman er að taka þátt í. Tækifæri Þingeyjarsveitar sem landmesta sveitarfélags landsins eru ótæmandi. Mannauðurinn er mikill og frjór, spennandi möguleikar tengdir þeim orkuauðlindum sem hér er að finna, matvælaframleiðslu, frumkvöðlastörfum á mörgum sviðum að ógleymdum heimspekkum náttúrufjölbreytileika sem laðar til sín fjölda ferðafólks allt árið um kring“.

# HVER ER ÁSTA KATHLEEN PRICE?

Ásta er forstöðumaður  
Íþróttamiðstöðvarinnar í Reykjavíð



Á Öskudaginn 2024

„Ég fæddist í Akra, höfuðborg Ghana en ólst upp í Suður Afríku. Pabbi var breskur og mamma íslensk. Ég hef alltaf verið mikið dyraþingur og átti meðal annars 5 hesta og var mikil hestamanneskja. Þar að auki æfði ég squash, tennis, ballet og nútímadans. Eftir að ég kláraði stúdentinn „Matric“ í Suður Afríku, Ég fór á ritaranámskeið og vann á lögfræðistofu áður en ég skráði mig í Trinity College í London þar sem ég útskrifaðist sem tal- og leiklistarkennari árið 1979. Ég vann í nokkur ár og safnaði peningi fyrir heimsreisu sem átti að vera 1 ár en endaði með því að vara í 5 ár.

Ég kynntist eiginmanni mínum árið 1990 þegar ég kom til Íslands að heimsækja ættingja mína. Ég flutti til Reykjavíðar árið 2002 með eiginmanni mínum og þremur börnum. Mér finnst best að vera einhvers staðar úti að synda eða ganga með litla hundinu mínu. Það sem ég geri mest af um þessar mundir er garðvinna sem færir mér mikla ánægju“ segir Ásta. Hún hefur verið dugleg að sækja sér þekkingu á hinum ýmsu námskeiðum undanfarin ár, meðal námskeiða eru t.d. *Specialist in Senior Fitness* og *Specialist in Exercise Therapy* sem reynist henni afar vel í leikfimitímum fyrir eldri Mývetninga og á vatnsleikfimi námskeiðum sem hún heldur. *Hvað kanntu mest að meta við vinnuna þína?*

Hvað færðu þér á pizzu?

„Pepperóni, banana, beikonkurl, skinka, sveppi, lauk, grænar og svartar ólífur, stundum smá BBQ sósu og nóg af hvítlauksolíu“.

„Falleg orðum sem börnum láta frá sér stundum sem falla eins og gullkorn og birta daginn. Ég fæ líka tækifæri til að kynnst fólkinu sem kemur til að vinna á svæðinu sem ég myndi annars aldrei hitta. Margir eru svo þakklátir að hafa þessa afþreyingu hér og þau veita alltaf jákvæð og skemmtileg samskipti yfir daginn. Það er líka gaman að kenna leikfimi og það veitir mér mikla gleði að sjá fólk styrkjast og öðlast betra jafnvægi bæði í leikfimi- og vatnsleikfimitímum“.

# NJÓTTU ÞESS AÐ HREYFA ÞIG...



## ÍMS - ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Í REYKJAHLÍÐ

Mán.-fimt. 10:00-21:00

Laugard. 10:00-16:00

Föstud. og sunnud. LOKAÐ



## SUNDLAUGIN LAUGUM

Mán.-fimt. 07:30-9:30 og 16:00-21:30

Föstud. 07:30-9:30 og 15:00-19:00

Laugard. 12:00-16:00


Sunnud. LOKAÐ



## SUNDLAUGIN STÓRUTJARNASKÓLA

Mánudaga 18:30-20:30

Fimmtudaga 19:30-21:30



## ...OG LESA

## BÓKASAFN REYKDÆLA

Þriðjudaga og fimmtudaga 17:00-19:00

Staðsetning: Í húsnæði Leikskólans Krílabæjar, gengið inn að vestanverðu.

## BÓKASAFNIÐ Í STÓRUTJARNASKÓLA

Þriðjudaga 16:30-18:30

Fimmtudaga 19:30-21:30

Staðsetning: Gengið inn um aðal inngang og upp á aðra hæð.

## BÓKASAFN AÐALDÆLA VIÐ ÝDALI

Miðvikudaga 13:00-15:00

Staðsetning: Þingeyjarskóli

## BÓKASAFN MÝVATNSSVEITAR

Mánudaga 15:00-19:00

Staðsetning: Í Skjólbrekku, gengið inn að sunnanverðu.

ÞÚ FINNUR ÞAU Á  
FACEBOOK







## FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

### OKTÓBER

- 3. Byggðarráð/FRÆV
- 7. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 8. Ípróttu- og tómstundanefnd
- 10. Umhverfisnefnd
- 16. Skipulagsnefnd
- 17. Byggðarráð
- 22. Viðtalstími að Ýdöllum
- 24. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerð sveitarstjórnar.

Allar fundargerðir nefnda má finna á [thingeyjarsveit.is](http://thingeyjarsveit.is)

## Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagry Þéarsdóttir-hlaupastelpan@is.is - s: 8953366

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á [heimasíðu](#) Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

## FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



## Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í október:

### Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Á miðvikudögum kl. 9-15 í Gíg.

### Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs

16. og 30. október frá 9-15 í Gíg.

### Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

Á þriðjudögum frá 10-14 í Gíg.

### Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

15. og 29. október frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is) eða í síma 512 1800

### Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista  
sveitarfélagsins á [thingeyjarsveit.is](http://thingeyjarsveit.is)  
og fáðu allar fréttir sendar beint til  
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 8. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Kjarna á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)